

Þessu verkefni má skila með ýmsum hætti, vista skjalið með þínu nafni og skrifa svörin í það og setja í skilakassa. Það má líka afrita verkefnið inn í tölvupóst og skila þar. Svo má líka skrifa svörin á blað og koma svörunum til mín í pósthólf í VMA eða taka myndir af lausninni og senda myndirnar.

**Nafn:**

1 Hvað heita frumefnin með þessi frumefnatákn, **finndu bæði íslensk heiti og á ensku** (hér gæti verið hægt að leita á netinu að frumefni og á ensku að elements) ?

C	O	H	N
Si	S	Cl	P
Rb	Ne	Na	Ca

2 Finndu dæmi um þrjár undirgreinar efnafræði, hvað kallast þær og um hvað fjalla þær?

3 Dalton bræðurnir koma fyrir í Lukku Láka bókunum. Hver eru helstu atriðin í atómkenningu Daltons, teldu upp að minnsta kosti þrjú atriði í kenningu hans?

4 Skrifaðu stutta útskýringu við hvert atriði hér að neðan, ekki endilega mjög formlega skilgreiningu en einhverja skýringu sem þú skilur.

Frumefni

Sameind

Efnasamband

Gas / lofttegund

Suðumark

5 Ástandsþreytingar. Notaðu orð eins og bráðnun - bræðslumark eða hliðstæð orð til að lýsa þessu. Athugaðu að bræðslumark er hitastigið og bráðnun er ferlið.

Hvað kallast það:

ferlið þegar fast efni verður að vökva =

hitastig þegar vökvi verður að gasi =

ferlið þegar gas breytist í vökva =

hitastig þegar vökvi breytist í fast efni =

ferlið þegar vökvi breytist í fast efni =

**Kveðja. Jóhannes**